

**FRAMSALSEYÐUBLAÐ**  
**- FYRIR HLUTI Í ALFESCA HF. -**

Nafn hluthafa	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer og staður
Sími	Land

Ofangreindur aðili (hér eftir einnig nefndur „hluthafinn“) á eftirtalinn fjölda hluta í Alfesca hf., kennitala 580293-2989, samkvæmt hlutaskrá félagsins:

$$\frac{\text{Fjöldi hluta í Alfesca hf.}}{\text{(hér eftir einnig nefndir „hlutimír“)}} \times \frac{4,5 \text{ kr.}}{\text{Innlausnarverð fyrir hvern hlut}} = \frac{}{\text{Samtals innlausnarverð}}$$

Með undirritun sinni framselur hluthafinn alla hluti sína í Alfesca hf., sem að framan greinir, til Lur Berri Iceland ehf., kt. 420409-0790 (hér eftir einnig nefndur „framsalshafi“), á verðinu 4,5 krónur fyrir hvern hlut sem greitt verður með reiðufé í samræmi við ákvæði tilkynningar um innlausn (hér eftir einnig nefnt „tilkynningin“) sem fylgir þessu samþykksheyðublaði. Greiðsla innlausnarverðs er háð því að þær upplýsingar, sem farið er fram á í samþykksheyðublaði þessu, séu nákvæmar og fullnægjandi.

Hluthafinn staðfestir að hann hefur mótttekið öll nauðsynleg skjöl, þ.m.t. tilkynninguna, og samþykkir skilmála þeirra. Þar að auki lýsir hluthafinn því yfir að hann sé löglegur eigandi hlutanna og að hlutimír séu kvaða- og veðbandalausir og heimilar framsalshafa og Nýja Kaupþingi banka hf. að kanna hvort eigendaskiptin geti farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í samþykki hluthafa felst jafnframt heimild til Nýja Kaupþings banka hf. að annast milligöngu viðskiptanna með hluti í Alfesca hf. sem eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., þ.m.t. óska eftir millifærslu hlutanna af vörslusafni hluthafa hjá reikningsstofnun á tímabundið vörslusafn á kennitölu Nýja Kaupþings banka hf. ef við á, þaðan sem hlutimír verða fluttir á vörslusafn Lur Berri Iceland ehf. hjá Nýja Kaupþingi banka hf. Gagngjald fyrir hlutina verður greitt inn á þann reikning sem hluthafinn tilgreinir hér neðar.

Hlutimír í Alfesca hf. eru skráðir á VS reikning hjá neðangreindri reikningsstofnun (vinsamlegast hakið við viðeigandi reit):

- |   |   |   |
|---|---|---|
| <input type="checkbox"/> Byr sparisjóður      | <input type="checkbox"/> Nýi Kaupþing banki hf. | <input type="checkbox"/> VBS Fjárfestingarbanki hf. |
| <input type="checkbox"/> Íslandsbanki hf.     | <input type="checkbox"/> Landsbankinn (NBI) hf. | <input type="checkbox"/> Önnur reikningsstofnun:    |
| <input type="checkbox"/> Íslensk verðbréf hf. | <input type="checkbox"/> MP banki hf.           |   |

Þar sem hlutur í Alfesca hf. eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. er nauðsynlegt fyrir hluthafa Alfesca hf. að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun eða fjármálastofnun sem hefur gert samning um aðild að Verðbréfaskráningu Íslands hf. Eigi hluthafinn ekki þess konar reikning felur samþykti þetta í sér að ráðgjafar Nýja Kaupþings banka hf. hafa samband við hluthafann vegna stofnunar vörslureiknings svo unnt verði að framselja og flytja hlutina og/eða viðhafa aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framsalsins. Hluthafinn ber ábyrgð á því að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun.

Innlausnarverð hlutanna verður greitt eigi síðar en 29. september 2009. Hluthafinn óskar eftir því að innlausnarverðið fyrir hlutina verði greitt á eftirfarandi hátt:

Greitt inn á bankareikning hluthafa nr.: Kennitala reikningseiganda

Hluthafinn staðfestir að honum hafi með skilmirkilegum hætti verið kynnt að Nýja Kaupþingi banka hf. sé óskilt að meta hvort viðskiptin séu viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki þeirrar vermdir sem í slíku mati felst samkvæmt 16. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

Um innlausnina og framsal þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um innlausnina eða framsal þetta skal skorið úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Vilji hluthafinn framselja hlutina skal hann rita nafn sitt hér að neðan því til staðfestingar. Vinsamlegast athugið að hluthafinn verður að undirrita framsalseyðublað þetta í votta viðurvist og mega vottar ekki vera undir 18 ára aldri.

Framsalseyðublaði þessu þarf að skila, rétt útfylltu, til fyrirtækjaráðgjafar Nýja Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fyrir kl. 12:00 þann 24. september 2009.

**Staður og dagsetning** **Undirskrift**

Vottar að rétti dagsetningu, undirritun og fjárræði:

**Nafn og kennitala** **Nafn og kennitala**